

# Hæstarjettardómar

Útgefandi: Hæstarjettarritari.

DII. árgangur.

1926.

Mánudaginn 11. jan. 1926.

Nr. 58/1925.

**Rjettvísín** (B. P. Kalman)  
gegn

**Fritz G. O. K. Berndsen** (L. Fjeldsted).

Brot gegn 205. gr. hgl.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 28. okt. 1925:  
Ákærður Fritz Gunnlaugur Oddsen Kristjánsson Berndsen sæti 2×5 daga fangelsi við vatn og braud.

Eyjólfi Jóhannssyni greiði hann 220 kr. í skaðabætur.

Fullnustu refsingarinnar skal frestað, ef ákærður greiðir ídæmdar skaðabætur innan 20 daga frá lögbirtingu dóms þessa og hún þá falla niður, nema ákærður innan 5 ára frá uppsögn dómsins sæti ákæru í opinberu máli, fyrir glæp, drýgðan af ásettu ráði og sje í því máli dæmdur til þyngri refsingar en sekta.

Svo greiði ákærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiddandi kostnað.

Ídæmdar skaðabætur greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

## Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, er greindar eru í hinum áfrýj-  
aða dómi ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins,  
þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verj-  
anda í hæstarjetti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Fritz G. O. K. Berndsen sæti 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo greiði hann Eyjólf Jóhannssyni 220 kr. í skaðabætur.

Fullnustu refsingarinnar skal frestað, ef ákærði greiðir dæmdar skaðabætur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, og hún þá falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dómsins, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907 eru haldin.

Ákærði greiði allan kostnað málsins bæði í hjeraði og í hæstarjetti, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda, hæstarjettarmálfutningsmannanna Björns P. Kalman og Lárusar Fjeldsted, 60 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er löglega sannað í máli þessu, sem höfðað er af rjettvísinnar hálfu gegn Fritz Gunnlaugi Oddsen Kristjánssyni Berndsen, verkamanni, til heimilis á Klapparstíg 42, með eigin játningu hans, er kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í því, að hann hefir gerst sekur í athæfi því, sem nú skal greina:

Sunnudagskvöldið 11. þ. m. um kl. 7<sup>1</sup>/<sub>2</sub> síðdegis gekk ákærður ásamt bróður sínum Þorvaldi að nafni uppeftir Laugaveginum; Þorvaldur var mjög mikið ölvaður. Á gangstjettinni fyrir framan húsið nr. 10 við Laugaveg mættu þeir konu einni og gekk Þorvaldur að henni, þreif til hennar og virtist ætla að faðma hana að sjer. Rjett í þessu kom Eyjólfur Jóhannsson, framkvæmdarstjóri, sama veg ásamt fleiri mönnum og gekk hann að Þorvaldi og sparkaði í hann með fætinum til þess að hjálpa konunni. Ákærður rauk þá þegar að Eyjólf og greiddi honum hnefahögg mikið, sem ákærður segir að hafi lent á vinstri vanga Eyj-

ólfs, rjett neðan við gagnaugað. Eyjólfur fjell við höggið niður í götuna og rotaðist en um leið og hann fjell virðist höfuð hans hafa lent á gangstjettarbrúninni og kom sár aftan á höfuðið við það fall. Ákærður var þá í mjög æstu skapi, en þeir sem viðstaddir voru afstýrðu því að hann aðhefðist nokkuð frekara.

Samkvæmt læknisvottorði, sem lagt hefir verið fram í rjettinum, hefir Eyjólfur fengið heilahristing og lengi vel eftir áverkann var hann rænulítill og minnið hefir alt til þessa verið dálítið sljóvara en það var áður en hann fjekk áverkann; þó telur lækurinn fullvist að hann muni verða alveg heill heilsu innan skamms.

Eyjólfur Jóhannsson hefir krafist þess að ákærði verði dæmdur til að greiða sjer kr. 220 — fyrir vinnutap, óþægindi og læknishjálp vegna áverkans og hefir ákærður samþykkt þá kröfu.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna; hann er fæddur 7. ágúst 1902 og hefir aldrei sætt ákæru nje refsingu fyrir neitt hegningarlagabrot.

Framantalið brot ber, að álisti dómarans, að heimfæra undir 205. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 og þykir refsing sú, er kærður hefir til unnið, hæfilega ákveðin 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Í skaðabætur greiði ákærður Eyjólfur Jóhannssyni kr. 220,00.

Með tilliti til ungs aldurs ákærðs, hreinskilinnar játningar hans og þess, að hjer er um fyrsta afbrot að ræða, þykir eftir atvikum mega ákveða, ef ákærður, með því að greiða hinar ídæmdu skaðabætur, bætir tjón það, sem hann hefir valdið, að refsingin skuli vera skilorðsbundin, samkvæmt lögum nr. 39 frá 16. nóvember 1907.

Svo greiði ákærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.